

**Fundargerð 17. samráðsfundar skólaskrifstofa og sveitarstjóra þar sem ekki eru
skólaskrifstofur/fræðslustjórar
19. apríl 2022**

1. Úkraínubörn í skóla- og frístundastarfi

Tillögur mennta- og barnamálaráðuneytis vegna skóla- og frístundatilboða til Úkraínubarnanna Ásgerður Kjartansdóttir, sérfræðingur í mennta- og barnamálaráðuneyti (mbrn.)

Ásgerður fór yfir markmið, tillögur og aðgerðaráætlun mbrn., sem hlotið hefur samþykki ríkisstjórnar og fjármögnun þar með, og unnið er nú að. Markmiðið er að taka vel á móti börnum og ungmennum á flóttu frá Úkraínu og tryggja þeim skjótan aðgang að skóla- og frístundþjónustu auk sálræns og félagslegs stuðnings í íslensku skólakerfi. Fram kom að af þeim fjöldi barna sem þegar eru komin frá Úkraínu (19. apríl 2022) eru 66 á leikskólaaldri, 132 á grunnskólaaldri og 42 tilheyra framhaldsskólastigi. Tillögur viðbragðsteymis mbrn.:

Fram komnar tillögur:

- um nýjan samráðsvettvang um móttöku flóttabarna
 - um aðkomu framhaldsskóla að móttöku og menntun ungmenna á flóttu frá Úkraínu
 - um stuðning ríkisins við móttöku leik- og grunnskólabarna á flóttu frá Úkraínu
- Fyrir liggja aðgerðir sem grípa á til nú á vor- og sumarmánuðum áður en börnin hefja formlegt nám og frístundastarf í haust. Sveitarfélög munu geta sótt um styrki í maí og júní til að sinna þessu verkefni og fara styrkupp hæðir eftir fjölda barna. Hægt er að lesa um hverja tillögu fyrir sig á glærum meðfylgjandi þessum fundarlið á Teams-svæði samráðsfundanna.

Finna má ýmsar upplýsingar á vef Stjórnarráðsins jafnframt: <https://island.is/en/p/ukrainian-citizens>

Þá er unnið að endurskoðun samninga við sveitarfélög um samræmda móttöku flóttamanna og hafa a.m.k. 26 sveitarfélög lýst yfir áhuga á að bætast í hóp þeirra fimm sem hafa sinnt því verkefni til þessa. Tillögur mbrn. eru óháðar þeim samningum og koma til viðbótar sem skammtímalausnir vegna flóttabarna frá Úkraínu einvörðungu.

Glærum meðfylgjandi erindi Ásgerðar eru aðgengilegar á Teams-svæði fundarins.

Móttaka flóttabarna í leik- og grunnskólum – áskoranir og tækifæri

Krístúrín Sigurjónsdóttir, kennslufulltrúi fjölmennningar í Hafnarfirði

Krístúrín ræddi almennt um móttöku flóttabarna í leik- og grunnskólum, ekki einvörðungu þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir í dag vegna úkraínskra barna á flóttu. Hafnarfjörður hefur verið eitt þriggja svf. sem þjónustar fólk í leit að alþjóðlegri vörn og eitt af fimm sem taka þátt í samræmdri móttöku flóttafólks.

Krístúrín fór yfir þá þjónustu sem Hafnarfjörður hefur veitt þessum fjölbreytta hópi og sagði mikla þekkingu hafa orðið til í Hafnarfirði og öðrum svf. sem tekið hafa á móti flóttabörnum og mikilvægt væri að hagnýta þá reynslu. Byggð hefur verið upp heildstæð móttaka flóttabarna í Hafnarfirði með áherslu á menntun, velferð og félagslega virkni. Samvinna er mikil á milli þeirra sviða Hafnarfjarðar sem að málinu koma og hefur því samvinna aukist innan stjórnsýslu bæjarins og verkferlar skýrðir. Hafnarfjörður hefur sett saman leiðbeiningarbækling fyrir foreldra flóttabarna. Mikilvægt er að starfa þétt með forerldrum og leggja áherslu á upplýsingagjöf til þeirra.

Kristrún ræddi helstu áskorarnir á leikskólastiginu en börnin þurfa mjög mikinn stuðning varðandi heilsufar og líkamlega og andlega örvun oft á tíðum. Lögð er mikil áhersla á upplýsingagjöf til leikskólastjóra varðandi börnin. Kristrún ræddi einnig helstu áskoranir á grunnskólastiginu. Þar eru námslegir erfiðleikar og rofin skólaganga áberandi. Iðulega koma ólæsir og óskrifandi börn, jafnvel á unglingsaldri sem aldrei hafa notið skólagöngu auk þess sem þau glíma við áfallastreituröskun og aðra andlega erfiðleika. Þá koma gjarnan upp erfiðleikar vegna menningarmunar og getur t.d. bitnað á þátttöku barnanna í íþróttum og öðrum tómstundum. Talsvert hefur verið lagt upp úr viðbótarkennslustundum til að sinna flóttabörnum betur og rík áhersla er á fræðslu til starfsfólks á öllum skólastigum.

Kristrún sagði að koma þyrfti á mun öflugra aðgengi starfsfólks skólakerfisins að miðlægum stuðningi og fræðslu, hann væri í algjöru skötulíki í dag. Hún hefur sjálf reynt að miðla af þekkingu sinni á höfuðborgarsvæðinu og í svf. í nágrenni þess en það dugar engan veginn til og þyrfti að vera á vettvangi MMS eða ráðuneytis.

Kristrún vakti athygli á því í lok síns máls að þegar börn hafa lokið heilbrigðisskoðun eigi þau rétt á því að hefja skólagöngu. Hins vegar virðist sem heilbrigðiskerfið skili ekki staðfestingu til skólanna um að læknisskoðun sé lokið og skólarnir þurfi að ganga á eftir því. Þessu þurfi að kippa í liðinn og tók fulltrúi ráðuneytisins það að sér. Hér væri um gott verkefni að ræða til þess að raungera samvinnu og flæði milli kerfa í þágu barnanna. Þar kom einnig fram að í undirbúningi væri fræðsla til starfsfólks allra skólastiganna um málefni flóttabarna.

Ítarlegar glærur fylgdu erindi Kristrúnar sem aðgengilegar eru inni á Teams-svæði fundarins.

2. Endurskoðun 7., 9. og 10. kafla í Aðalnámskrá leikskóli

Fyrir liggja endurskoðaðir kaflar og sáu þær Björk Óttarsdóttir, sérfræðingur í mennta- og barnamálaráðuneytinu og Jenný Gunnarsdóttir, þróunarfulltrúi leikskóla í Hafnarfirði um að kynna helstu breytingar og forsendur þeirra.

Björk greindi frá aðdraganda þessara breytinga sem finna má í skýrslu starfshóps um styrkingu leikskólastigsins sem skilað var til ráðherra í maí 2021. Meginmarkmið endurskoðunar 7. og 9. kafla var að skýra nánar hlutverk leiksins sem námsleið leikskólans og með endurskoðun 10. kafla var gerð tilraun til að skýra nánar hvernig megi meta með reglubundnum hætti viðhorf, líðan og stöðu barna með virkri þátttöku þeirra.

Jenný fór yfir meginbreytingar á 7. og 9. kafla og hvernig búið væri að draga betur fram hlutverk leiksins sem námsleiðar í samþættu og skapandi leikskólastarfi. Björk gerði svo grein fyrir helstu breytingum á 10. kaflanum varðandi bæði einstaklingsbundið mat og hópmat á námi og líðan barnanna.

Þar sem of líttill tími gafst til kynningarinnar og umræðna í kjölfarið kom fram að sambærileg kynning mun fara fram á vofundi Grunns í byrjun maí þar sem góður tími verður tekinn í dagskrá fundarins undir málefni leikskólans.

Tvöfalt glærusett fylgdi erindinu, bæði stytt útgáfa og ítarlegri sem aðgengileg eru á Teams-svæði fundarins.

Fundi slitið kl. 12.37